

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum félaga var haldinn á húsi ÍSÍ í Laugardal föstudaginn 21. apríl 2017 og hófst kl. 18.00. Boðið var upp á brauð og kaffi.

Eftirtalin félög sendu fulltrúa á fundinn: Massi, KFA, Ármann, Akranes, Gróttu, KFR og KDH
Frá stjórn voru mætt: Hulda, Erla, Gry og Alex.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir setti fundinn og bauð menn velkomna.
Hún tók að sér fundarstjórn og bað Gry um að rita fundargerð.

Aðaltilefni fundarins voru afreksmál, en tillögur sem liggja fyrir Þing ÍSÍ 2017 geta haft verulega áhrif á afreksstarf KRAFT ef þær ná fram að ganga.

Hulda Elsa gerði grein fyrir því að stjórnin hafi sett á fót sérstaka afreksnefnd og gert breytingar á þeirri afreksstefnu sem kynnt var á þinginu í febrúar til samræmingar við þær hugmyndir sem koma fram í tillögum framkvæmdaráðs ÍSÍ.

Erla Kristín, formaður nefndarinnar, fór yfir helstu breytingar, en þær eru í stuttu máli að stefnan taki yfir tímabilið 2017 – 2025, að gert verði ráð fyrir starf íþróttastjóra, að verkaskipting landsliðsnefndar, íþróttastjóra og verkefnastjóra landsliðs verði skilgreint nákvæmara, að hugtökin “afreksmann” og “stórmót” verði skýr og afreksmarkið séu skilgreind upp á nýtt. Orðalagsbreytingar voru gerðar sum staðar og kafli um lyfjamál bættur við.

Boðið var upp á umræður um breytingarnar, en fáar athugasemdir bárust og heldur stjórnin áfram að vinna samkvæmt þessari stefnu.

Grétar Skúli, formaður KFA, tók orðið og kom víða við. Afreksmálin skipta ekki máli, sagði hann. Aðalmálið er að byggja upp sterk félög eins og KFA hefur gert. Litlu félögin á höfuðborgarsvæðinu eru veikburða og hafa ekki tekið neinum framförum heldur farið aftur, starfið er máttlaust og ætti stjórn KRAFT að hlutast til um að þau sameinist í stærri eininga. Félögin þurfa að fá eigin æfingaraðstöðu. Félög eiga ekki að æfa í líkamsræktarstöðvum og munu aldrei blómstra á meðan svo er, sagði Grétar Skúli. Að hans mati eiga mót á vegum sambandsins heldur ekki að fara fram í húsnaði í eigu einkarekinna líkamsræktarstöðva.

Hann lét í ljós þá skoðun að stjórn KRAFT hafi staðið sér illa í að styðja minni félög og ætti að fela íþróttastjóra framtíðarinnar að vinna að uppbyggingu félaga frekar en að sinna afreksmálum.

Fundurinn beindi til mótanefndar að raða mótum næsta árs eins og gert er í Noregi og aðskilja aftur mótin í opnum flokki og aldurstengdum flokkum.

Óskað var eftir að íslandsmeistaramót unglinga og öldunga í bekkpressu og klassískri bekkpressu yrði bætt á mótaskrá.

Hulda þakkaði menn fyrir fundarstörfin og sleit fundi um kl. 19.40

Fundarritari Gry Ek